



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 16. desember 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir), 369. mál

Vísað er til frumvarps til laga um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir), þskj. nr. 502. Markmið frumvarpsins er að greiddir séu styrkir til kvikmyndaframleiðenda vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku til að vega upp á móti áhrifum af álagningu virðisaukaskatts á aðgöngumiða að sýningum á íslenskum kvikmyndum. Það samkomulag var undirritað 8. desember 2011. Álagning virðisaukaskattsins hófst 1. janúar 2013 en enn hefur ekki komið til úthlutunar á umsömdum miðstyrkjum þrátt fyrir að löggjafinn hafi gert ráð fyrir þeim í fjárlögum árána 2012, 2013, 2014 og 2015 uppá samtals kr. 105 milljónir.

Kvikmyndaframleiðendur hafa frá árinu 2012 þrýst á úthlutun á umræddum miðstyrkjum enda gert ráð fyrir þeim í rekstri sínum frá þessum tíma. Því er ljóst að mikið tjón hefur hlotist vegna þessa sem birtist einna helst í uppsöfnuðum fjármagnskostnaði framleiðenda á þessu tímabili.

Í ljósi umsagnar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem gert er ráð fyrir breytilegri upphæð á miða m.v. selda miða pr. ár vill Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) minna á að það var ekki upphaflegur skilningur hvorki ráðuneytis menntamála né aðilum að SÍK. Hugsunin var að leitast yrði við að bæta framleiðendum meðalverð m.v. þann kostnað sem hlaut af því að virðisaukaskattur var lagður á miðaverð og fjármagn væri fremur fært til milli ára til að ná því – að sjálfsögðu innan ramma fjárveitingarinnar.

Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur jafnframt fram skoðun ráðuneytisins varðandi upphæð minniháttarstyrkja og að samanlögð upphæð framlags opinberra aðila megi ekki fara yfir 200.000 evrur á verkefni. Hér telur SÍK mikilvægt að benda á 6. gr. laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar sem kveður á um að samanlagður styrkur opinberra aðila og heildarfjárhæð endurgreiðslu skv. 5. gr. skuli ekki fara yfir 85% af heildarframleiðslukostnaði sömu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis. Þetta er einnig í samræmi við leiðbeinandi reglur EFTA/ESA um endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndagerðar frá árinu 2014.

Þrátt fyrir að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á sýningar á íslenskum kvikmyndum fyrr en 1. janúar 2013, þá liggur fyrir að aukinn kostnaður lagðist á kvikmyndaframleiðendur strax árið 2012, sökum uppgjörsmála við sýningaraðila.



Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Association of Icelandic Film Producers


Í ljósi framangreinds var ákveðið við gerð samkomulagsins að hefja hlutagreiðslur þegar á árinu 2012, jafnvel þótt virðisaukaskattur yrði ekki lagður á fyrr en 1. janúar 2013. Það er því í samræmi við umrætt samkomulag sem og ákveðin sanngirnisjónarmið að þær 15 m.kr. sem voru á fjárlögum árið 2012 verði nýttar til miðstyrkja fyrir sýningar það ár og sé því ekki undanskilið úthlutun, eins og gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi frumvarpi.


Í samræmi við framangreint leggur SÍK til að 3. málsl. 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þá vegu að styrkir verði jafnframt greiddir vegna sýninga á árinu 2012.

SÍK fagnar tilkomu frumvarpsins og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum en áskilur sér þó rétt á síðari stigum til að koma með frekari athugasemdir við efni frumvarpsins og þeirrar reglugerðar sem setja á í kjölfar laganna.

f.h. SÍK

f.h. SI


Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK


Katrín D. Þorsteinsdóttir
viðskiptastjóri SÍK innan SI